



# Fundargerð aðalstjórnar Íþróttafélagsins Gróttu

## 5.mars 2012

### Mættir:

Haraldur Eyvinds - formaður

Eiríkur Elís Þorláksson - handknattleiksdeild

Árni Pétursson - knattspyrnudeild

Björg Fenger - unglingaráð handknattleiksdeildar

Kristín Finnbogadóttir - framkvæmdastjóri

Óskar Hrafn Þorvaldsson - meðstjórandi

Hildur Sesselja Aðalsteinsdóttir - fimleikadeild

Erla Kristín Árnadóttir - kraftlyftingadeild

Andri Sigfússon - íþróttafulltrúi

Guðrún Kaldal - varaformaður

Guðjón Norðfjörð og Unnur Halldórsdóttir boðuðu forföll.

### Dagskrá:

1. Fundargerð seinasta fundar
2. Yfirlit deilda
3. Afsláttur milli deilda – póstur frá foreldri
4. 45 ára afmæli Gróttu
5. Erindisbréf frá Andra
6. Væntanlegar stjórnir – einhverjar breytingar
7. Sumarstarfið
8. Fundur – Framtíðin
9. Önnur mál

---

Fundur var settur kl. 20:03

#### 1. **Fundargerð seinasta fundar**

##### Starfsmannaviðtöl og sakaskrá:

ÓHP segir að þetta sé eyðimörk. ÍSÍ og KSÍ hafa engar reglur hvað þetta varðar. GK nefnir að Gróttu þurfi að móta sér verkferil þegar þjálfari/starfsmaður verður uppvís að broti í starfi eða utan starfs. Umræður um þetta. EKÁ fer í að tala við sakaskrá og hvort Gróttu geti fengið aðgang að rafrænu sakavottorði.

##### Íþróttafulltrúamál

Viðræður við Viðar Halldórs um að koma og kynna Framtíðina. Stefnumótunardagur verður á vormánuðum.

##### Íslandsbankamál

HEP og GN fóru á fund Íslandsbanka og lögðu spilin á borðið. Íslandsbanki er að kanna málið hjá sér og mun Bankinn heyra í okkur fljótlega.





## 2. **Yfirlit deilda**

### Handknattleiksdeild

Keppnin í fullum gangi. Mfl. kvenna gekk vel um helgina, unnu sinn þriðja leik og eru í 7.sæti deildarinnar. Mfl. karla er enn að bíða eftir sínum fyrsta sigri. Verið er að vinna í þjálfaramálum fyrir næsta tímabil. Yngri flokkarnir ganga mjög vel er stefnt er að allir eldri flokkar fari í 8-liða úrslit Íslandsmótsins. Farið er að vinna grunnvinnu fyrir þjálfaramál næsta vetrar.

### Fótboltadeild

3.flokkur karla er Íslandsmeistari í Futsal. Meistaraflokkurinn er í góðum málum en búið er að semja við 5 yngri leikmenn af 8. Annars er meistaraflokkshópurinn fullskipaður fyrir sumarið. Fyrsti leikurinn í Lengjubikarnum er nk. laugardag gegn ÍH.

### Fimleikadeild

Fullt að gerast. Prepamótin gengu mjög vel hjá þátttakendum Gróttu og vann meðal annars Nanna Guðmundsdóttir 4.þrepið. Íslandsmótið er á döfinni.

### Kraftlyftingadeild

24.mars er Íslandsmót og munu þátttakendur frá Gróttu taka þátt. Stefnt er að því að 2-3 þátttakendur keppi erlendis á árinu. 53 félagsmenn eru í deildinni. Deildin er að vinna í að fá Gróttu-WC afsláttinn.

## 3. **Afsláttur milli deilda – póstur frá foreldri**

Umræður um tölvupóstinn og systkinaafslátt á milli deilda sem datt út þegar Tómstundarstyrkurinn kom á sínum tíma.

## 4. **45 ára afmæli Gróttu**

Komið hefur upp fyrirspurn frá hóp sem er að fara erlendis hvort þeir mættu halda utan um og gefa út 45 ára afmælisblað Gróttu. ÁP ítrekar að árið 2012 sé fótboltaár og engar utanlandsferðir séu farnar á árinu þó að eingöngu einn leikmaður skerist í handbolta og fótbolta. Verður rætt milli knattspyrnustjórnar og handknattleiksstjórnar. Afmælisblaðsákvörðun frestað.

## 5. **Erindisbréf frá Andra**

Tekið vel í að útbúa erindsbréf og skyldur fyrir stjórnir félagsins. Íþróttafulltrúa falið að útbúa erindsbréf fyrir stjórnir félagsins.

## 6. **Væntanlegar stjórnir – einhverjar breytingar**

Breytingar verða á handknattleiksstjórninni. Stjórnfundur í kvöld þar sem þetta verður rætt. Hulda Pjetursdóttir kemur ný inn í kraftlyftingastjórnina.

Ásta Sigvaldadóttir er að hætta í fimleikastjórninni. Sigrún Hallgrímsdóttir kemur inn í stjórn og Kristján kemur inn sem varamaður ef aðalfundur samþykkir það.

Í unglingaráðinu verða þónokkrar breytingar. Björg er að hætta. Fundur á þriðjudag og verður þetta komið á hreint eftir þann fund.





**7. Sumarstarfið**

Halldór Eyjólfsson stjórnarmaður í knattspyrnudeild heyrði í GK og var að spá í sumarstarfinu. Skipulagning er á frumstigi og voru umræður um þetta. GK biður deildirnar um að koma ítarlegum upplýsingum til íþróttafulltrúa fyrir næsta fund.

**8. Fundur – Framtíðin**

Halda fundinn með Viðari í apríl. Íþróttafulltrúa falið að funda með Viðari og finna góða tímasetningu.

**9. Önnur mál**

Framkvæmdastjóri fimleikadeildar

Fimleikadeild er að hugsa um að ráða framkvæmdastjóra deildarinnar sem tekur við hlutverki yfirþjálfaranna og meira til. Minnkar álag á skrifstofu félagsins auk þess að mál deildarinnar verða í fastari skorðum.

Blakkonur

GK falið að hringja í forsvarsmenn fyrrum blakkvenna hjá Gróttu og biðja um að nota ekki Gróttunafnið þegar leitað sé styrkja

Heimasíðan

Heimasíðan verður frumsýnd á aðalfundum Gróttu fimmtudaginn 8.mars nk.

Páll Óskar-ball

Verður líklega í september. UH fer í ræða betur umboðsmanninn.

Pollapönk-tónleikar

Voru haldnir sl. laugardag og heppnuðust mjög vel. AS falið að heyra í Pollapönk-mönnum vegna uppgjörsins.

Fundi slitið kl. 21:40

